



Félag háskólakennara

1. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2022/2023 haldinn miðvikudaginn 23. maí í Bændahöllinni kl. 11:45

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Davíðsdóttir, Jóna Margrét Ólafsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Arngrímur Vídalín og Haukur Logi Karlsson. Ármann Höskuldsson boðaði förföll. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 11. maí 2023
2. Verkaskipting stjórnar Fh.
 - i. varaformaður.
 - ii. ritari.
 - iii. gjaldkeri.
 - iv. fundartími stjórnar.
3. Tillaga frá aðalfundi 2023.
 - i. Tillaga að gerð lögfræðiáliti vegna kennslu (yfirvinnu) umfram starfsskyldur kennara.
4. Kjaramál, undirbúningur.
Drög að ályktun á aðalfundi Félags prófessora, tillaga að starfshópi.
5. Norrænn fundur – Ísland 2023
6. Önnur mál

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 11. maí 2023

Fundargerð samþykkt.

2. Verkaskipting stjórnar Fh, skv. lögum.

Ákveðið var eftirfarandi:

- i. Jens Guðmundur Hjörleifsson, varaformaður.
- ii. Íris Davíðsdóttir, ritari.
- iii. Íris Hrönn Guðjónsdóttir, gjaldkeri.
- iv. Fundartími stjórnar var ákveðinn 1. miðvikudag hvers mánaðar kl. 11:45.
Næsti fundur því 7. júní nk.
- v. Arngrímur Vídalín fulltrúi Fh á Háskólaþingi og Jens Guðmundur varamaður.

3. Tillaga frá aðalfundi 2023, vegna lögfræðiálits um kennslu umfram starfsskyldur

Baldvin reifaði málið. Íris stakk upp á því að bera málið undir lögmann BHM í fyrstu atrennu og sjá hvort tilefni er til frekari aðgerða að hálfu stjórnar. Tillagan var samþykkt og framkvæmdastjóra falið að móta spurningar til lögmanns BHM fyrir næsta stjórnarfund. Baldvin óskaði eftir því að greinargerð um yfirvinnuna sem gerð var á árinu 2013 verði sett á svæði stjórnar á Teams.

4. Kjaramál

Í fundargögnum er fyrirhuguð ályktun sem verður lögð fram á aðalfundi FPR, þann 24. maí nk. Ályktunin fjallar um launasetningu prófessora og tillögu að því að skipa starfshóp er greini hvort um ómálefnanlega mismunin felist í launasetningu félagsfólks FPR. Jens fylgdi málinu eftir og spyr hvort stjórn Fh myndi taka þátt í starfshópinum ef af verður, en þá verði greiningin útvíkkuð fyrir allt

félagsfólk Fh. Málið rætt. Stjórnarfólk samþykkt því að taka þátt í starfshópinum ef ályktunin verður samþykkt á aðalfundi.

5. Norrænn fundur – Ísland 2023

Dagskrá fundarins er að verða klár. Framkvæmdastjóri bauð nýju stjórnarfólki að sitja fundinn ef áhugi og geta er fyrir því og láta vita í tíma. Málið rætt.

6. Önnur mál

- i. Íris vakti athygli á því að upphæð 3ja ára háskólastyrkja hefur ekki hækkað í mörg ár, þrátt fyrir t.d. hækkun á leiguverði húsnæðis. Hún telur brýnt að félagið láti sig þessi mál varða.
- ii. Arngrímur vildi koma á framfæri eftirfarandi:
 1. Möguleiki á því að binda vinnuáðstöðu félagsfólks í stofnanasamningi félagsins.
 2. Lögmati ákvörðunar HÍ um opin rými, þar sem Háskólaráð fer með fyrirvar með 60% hluta í Fasteignum Háskóla Íslands efh. Spurning hvort hægt væri að fá lögfræðialit sem taki af allan vafa.
- iii. Baldvin sagði frá þreifingum Fh og FÍN um húsnæðismál félagsins. Málið enn til skoðunar.
- iv. Baldvin sagði frá fyrirhugðum fundi í samráðsnefnd um kjaramál sem er á dagskránni þann 24. maí nk. Farið var yfir þá dagskrárliði sem félagið lagði fram á síðasta stjórnarfund. HÍ hefur auk þess bætt við einu máli er varðar launasetningu aðjunktta II og taka laun skv. stigamati. Haukur Logi vill láta endurskoða bókunina um nýdoktora sem er í stofnanasamningi.
- V. Jóna vakti athygli á reglum um framgang og aðkomu félagsins að þeim. Einnig um kjör akademískra starfsmanna almennt, þrep fyrir menntun og starfsheiti.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl. 13:00.
Næsti fundur óákveðinn.